

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 189 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir til 1. apríl 1997.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 27. desember 1996.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóðinn Lífiðn.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóðurinn Lífiðn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa á samningssviði eftirtalinnna stéttarfélaga: Rafiðnaðarsambands Íslands og aðildarfélaga þess, Félags matreiðslumanna og Félags framreiðslumanna.
- 3.2. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12. - 14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.